

FRAMNÝALL

I

Bók þessi heitir svo af því að þar er framhald af Nýal og Ennýal. En Nýall, af því að hann flytur heims- og lífsskoðun sem er í verulegum atriðum ný, og upphaf meiri nýjunga en áður hafa orðið. Aldrei hafði áður verið litið á lífið sem þátt í alheiminum, þátt í sköpun heimsins. Aldrei á lífið eftir dauðann frá fullkomlega náttúrufræðilegu sjónarmiði. En það er vissulega meiri nýjung en nokkur áður í sögu vísindanna, að á því sviði komi þekking í stað trúar og vantrúar.

Menn skulu varast að halda, að hér sé aðeins um tilgátu að ræða, sem síðar kunni að reynast röng. Þetta, að lífið eftir dauðann er líkamlegt líf á öðrum jarðstjörnum alheimsins, er vísindalegur sannleikur, sem engin framtíð mun hrinda. Rök þau sem er að finna bæði í þessari bók og annarsstaðar, nægja fullkomlega til að sanna þetta. En að vísu veit ég, að gagnvart þeim sem skortir vit eða vilja til að meta röksemadir, stoða engar sannanir. Þar er það myrkur, sem ekkert ljós megnar að eyða.

II

Hver sem vill kynna sér það í nútímabókmenntum, sem á nokkurn hátt lýtur að mínu máli, getur auðveldlega gengið úr skugga um, að skýr skilningur hefir ekki verið til á því, að framvindustefnurnar eru tvær, helstefna og lífstefna, og að nú er komið að þeim vegamótum, að skammt mundi eftir sögu mannkynsins, og þó verra en nokkuð sem á undan er gengið, ef ekki verður bráðlega tekin hin rétta stefnan.

Að átta sig á því hvar jörðin er stödd á framvindubraut sinni, og jarðlifið, er verk sem einmitt jarðfræðingi, öðrum fremur, var skyld að vinna. Og á Íslandi gat þetta orðið, af

því að til þessa vísindaauka þurfti ekki neina af hinum miklu vísindastofnunum stærri þjóða, heldur aðeins nógu einlæga sannleiksást og löngun til að átta sig á tilverunni. Enginn má af þessum orðum láta leiðast til að ætla mér nokkurt vanþakklæti gagnvart því vísindaverki, sem í betri stöðum hafði unnið verið, og nauðsynlegt var til undirbúnings þessu sem mér hefir auðnast að leiða í ljós til aukins skilnings á heimi og lífi. En jafnvel í vísindum nútímans, og þá fyrst og fremst í nýtísku sálfræði, kemur glögglega í ljós, að ekki er verið á hinni réttu leið. Og margt í þeim efnum, og þá ekki síst einmitt það sem mest hefir verið blásið upp, mun hjaðna niður, þegar sönn þekking er fengin.

III

Þá er sú viðleitni míín, að sýna fram á, að hin litla íslenska þjóð, sem hefir í þessu erfiða landi átt verri ævi en flestar aðrar, sé til þess að tluð, að vinna það verk sem öllu mannyni sé nauðsynlegt til velfarnanar. Og hefir í þeim efnum það gerst, sem mjög er eftirtektarvert, og verða mundi máli þessu til hins mesta stuðnings, ef Íslendingar vildu þar sjálfir taka á viti sínu eins og þarf. Nokkrum árum eftir að ég hafði talað um það ljós, sem frá Íslandi gæti skinið um alla jörð, kemur út bók eftir ágætan Bretta, Adam Rutherford, þar sem Íslendingar eru nefndir ljóssins þjóð, og jafnvel Reykjavík ljóssins borg. Sá stuðningur sem þarna er veittur hinni ónógu íslensku þjóðrækni, verður ennþá merkilegri, þegar þess er gætt, hversu augljóst nú er orðið hvernig fara mundi um framtíð íslensku þjóðarinnar, ef ekki reyndist rétt það sem í Nýal og ritum Rutherfords er haldið fram um íslenskt þjóðarhlutverk.

IV

Mikinn stuðning til skilnings má einnig hafa af að gefa því gætur, hve mjög rás viðburðanna hefir orðið á þá leið, sem ég hefi sagt að verða mundi, ef aldaskiptamálinu væri ekki sinnt, því máli, sem íslenskast er allra. Því að þótt íslenska þjóðin sé smá, þá er hún nógu fjölmenn til þess að geta átt

upptökin að því, að snúið sé af Helvegi.

Enginn betri mælikvarði er til á andlegt gildi manna, og ekkert gefur gleggri vísbendingu um hvað þeirra bíður þegar yfirum kemur, en það, hvernig þeir snúast við sannleikanum, og þá fyrst og fremst þeim sannindum, sem eru upphafsmál aldaskiptanna. Snúist Íslendingar þar rétt við, þá munu á þeim sannast orðin: „blessuð er sú þjóð, sem heldur sér við sannleikann.”

Menn mega ekki láta það villa sig, að þeir hafa oft verið ógæfusamari en aðrir menn, sem öðrum fremur lögðu stund á að leita sannleikans. Fylgisleysið var það sem því olli, einangrunin, og þá stundum beinn fjandskapur hinna eindregnari fylgjenda Vítisstefnunnar.

V

Vegna nokkurs misskilnings á æviviðleitni minni, sem ég hefi stundum orðið var við, er rétt að geta þess, að mér hefir aldrei til hugar komið að setja mér það ævitakmark að verða með einhverju móti frægur. Hugur minn beindist þegar á unga aldrí, eindregið í vísindaáttina, og auðvitað var það ósk míni og von, að mér auðnaðist í þeim efnunum, að afreka eitthvað, sem ætti skilið að þess væri getið. Þegar ég missti svefninn, aðeins 25 ára gamall, fóru að verða litlar horfur á að slíkt gæti orðið. En þrátt fyrir allt, hefir mér þó tekist að komast miklu lengra sem vísindamaður, en ég hafði nokkurntíma gert mér vonir um. Uppgötvunar mínar í jarðfræði Íslands, eru nú viðurkenndar sem upphaf nýs tímabils í rannsóknarsögu landsins. Og á öðru sviði, sem ég tók til athugunar tæplega þrítugur, hefir þó árangurinn orðið enn meiri, þó að ekki sé það viðurkennt ennþá, að fullu. En það sem ég óska mér, er ekki frægð, heldur fyrst og fremst það, að menn vildu færa sér í nyt þau sannindi sem ég hefi fundið. Þau bættu lífsskilyrði, sem af því mundu hljótast, fyrir alla, mundu vera mér alveg nóg laun, þó að mér væri ekkert sérstaklega þakkað. Sigur sannleikans er það sem ég þrái mest.

Og svo að ég víki að því, sem minni háttar er, og þó ekki

þýðingarlaust. Mér mundi vera það mikið ánægjuefni, ef lesendur mínr vildu veita því eftirtekt, hversu ég hefi gert þeim auðvelt að skilja ýmislegt, sem oft hefir verið allt annað en auðvelt að átta sig á í fyrstu, og að óþarfari og þreytandi málalengingar eru í mínum ritgerðum engar. Þá vil ég nefna það, að letrið á bókinni er blátt, eigi einungis af því að það er fallegra, heldur einnig af því, að það þreytir augun minna; en mönnum hættir svo oft við því að gleyma hversu sjónin er dýrmæt, og misbjóða henni að óþörfu. — Til skilnings á orðinu „aldaskipti“ mun nægja að minna á orðin „siðaskipti“ og „nú er öldin önnur“.

VI

Hin nýútkomna bók Grant Watsons, *Man and his Universe* (Maðurinn og alheimur hans), er góð til að átta sig á því hversu mikil þörfin er á þeirri nýju stefnu í vísindum, sem ég er að hefja. Í bók þessari, sem kölluð er „ljómandi“ og „töfrandi“, kemur ekki fram neinn grunur um, að til kunni að vera líf annars staðar í alheimi en á vorri jörð. Sir Francis Younghusband, og vísindabiskupinn dr. Barnes, báðir heimskunnir menn, eru þar ekki nefndir á nafn, hvað þá Nýall. En þar er nóg af sálfræði hinnar frægu þrenningar, Freuds, Jungs og Adlers, en þau „vísindi“ eru í fyllsta samræmi við menningarstigið á hnerti þar sem langmestur áhugi og orka mannkyns, beinist að því að vinna einmitt það sem síst skyldi. — Fróðlegt er að veita því eftirtekt, hvernig nokkurskonar endurtekning á þeirri ímyndun Plótíns, að hann gæti séð sinn eigin huga andspænis sér sem sjálfan sig, aðeins miklu fegri, gengur aftur í sambandi við kenningu Jungs um það sem hann nefnir anima (þýðir eiginlega sál) og á að geta orðið manninum sýnilegt. Er þar vitnað í lýsingu hins nafnkunna læknis og sálfræðings, Havelock Ellis, á því hvernig hann hafi á stundum séð kvenveru koma svífandi inn í herbergi sitt, sem var þó nokkuð með öðrum hætti en konur á þessari jörð. Er jafnvel ekki laust við að slíkt minni á það sem í fornum sögum segir um fylgju Hallfreðar vandræðaskálds, eða Porgils Höllusonar, og er engin leið að

átta sig á þeim sannleika sem undir slíku býr, fyrr en menn eru farnir að vita af sambandi jarðlifsins við lífið á stjörnum.

VII

Meiri hluti Framnýals hefir ekki birst á prenti áður, og skiptir það nú raunar ekki miklu, því að ritgerðir mínar verður oft að lesa og vel, ef þeirra á að hafa full not. Menn eru ekki farnir að kunna þá íþrótt að lesa, fyrr en þeir lesa aftur og aftur það sem þess er vert. Og menn verða jafnvel að lesa svo vandlega, að þeir taki eftir prentvillum sem kunna að vera. En það virðist heldur óalgengt að menn geri það, jafnvel þó að um mjög bagalegar villur af því tagi sé að ræða. Eins og t. d. þegar stendur í Nýal, s. 102: vanalegum miðilsvefni, þar sem á að vera: vanalegum svefni. Eða í Ennýal, s. 197: jörðu hins fædda lífs, þar sem á að vera: jörðum hins fædda lífs. Því miður eru í Ennýal ekki allfáar prentvillur, sem ekki hafa verið leiðréttar, en víðast hvar mun þó greindur og gætinn lesandi geta farið nærrí um það hvað standa á. Í þeim köflum Framnýals, sem áður hafa birst, hafa slíkar villur verið leiðréttar, og þó sitthvað fleira lagfært, svo að um aðra og endurbætta útgáfu ritgerðanna er að ræða.

VIII

Það er ekki af eintómri eicingirni sem ég óska þess, að sem flestir vildu lesa þessa bók mína og lesa hana sem best.

Ég var á mjög ungum aldri þegar ég fékk nokkurt orð á mig fyrir sannsögli. Móðir mín hefir sagt mér, að þegar börn greindi á, hafi stundum verið sagt: „Það er óhætt að trúá því sem Helgi segir.“ Áhugi minn á að fara ekki með það sem ekki sé mark á takandi, hefir heldur farið vaxandi eftir því sem aldur færðist yfir mig. Og þeir sem lesa þessa bók mína — og annað sem ég hefi skrifað — með skilningi á því, hve mjög hefir skrifað verið af áhuga á að segja aðeins það, sem satt er og rétt, munu glögglega fá að finna, að þeir hafa ekki til einskis lesið. Peir munu komast að raun um — og þó

einkum, ef margir geta um þetta orðið samhuga — að sannleikanum fylgir blessun.

IX

Fræg eru orðin: Guð er sannleikur. Öllu réttara er þó að segja að sannleikurinn sé leiðin til Guðs, og þó ekki síður, leið Guðs til mannanna. Af því leiðir, að enginn Guð getur hjálpað því mannkyni sem ekki metur sannleikann nógu mikils — eins og glögglega kemur fram í allri sögu mannkyns vors. En aldrei hefir þó þýðing sannleikans eins glögglega komið í ljós og verða mun á þeim tínum sem nú fara í hönd, úrslitatínum mannkynssögunnar. Aftur og aftur er verið að segja, að íslenska þjóðin sé of smá til að geta haft nokkur áhrif á gang heimsviðburðanna. Þetta er mikill og skaðlegur misskilningur. Því að íslenska þjóðin er ekki of smá til þess að geta hjálpað stærri þjóðum til að meta sannleikann eins og vera ber. Eða með öðrum orðum: til að biggja hjálp Guðs.